

Skýrsla

82

um fund amtsráðsins í norður- og austurumdæminu 3. og 4. júní 1887.

(Framh.)

Reikningarnir úr Þingeyjarsýslunum voru ókomnir, og fól amtsráðið forseta sínum að rannsaka og úrskurða þá.

27. Fram lagðir voru eptirnefndir sýsluvegasjóðsreikningar fyrir 1886, sem forseti amtsráðsins hafði yfirfarið áður, til rannsóknar og úrskurðar.
- Við reikninginn úr Húnavatnssýslu fannst ekkert að athuga, og var hann því samþykktur.
 - Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu fannst ekkert að athuga, og var hann samþykktur. Reikningur var fram lagður yfir tekjur og gjöld hins svo nefnda »Brúarsjóðs» fyrir 1886. Eign sjóðsins við árslok var 96 kr. 69 a.
 - Reikningurinn úr Eyjafjarðarsýslu úrskurðast á þessa leið:
Athugasemd endurskoðanda sýslunefndarinnar um leifar af efni í Þverárbrúna í Kaupangssveit ber reikningshaldara að taka til greina.
Fylgiskjölín 10., 11. og 12. um vegabætur í Þóróddsstaðahreppi, í Hrafna-
gilshreppi við »Forvaðann» og í Vallahreppi gefa enga lýsingu á vegagjörðun-
um, og ályktaði amtsráðið að skora á sýslumann, að skýra gjör frá þessum
vegagjörðum, og skulu yfir höfuð sýsluvegasjóðsreikningum fylgja skoðunargjörðir
tilkvaddra manna á unnum vegagjörðum, eða þá lýsing sýslumanns sjálfs á veg-
um þeim, sem lagðir hafa verið, eða á endurbótum á þeim, hafi hann sjálfur
haft tækifæri til að skoða verk þau, er unnin hafa verið.
 - Við reikninginn úr Suðurmúlasýslu fannst ekkert að athuga, og var hann sam-
þykktur.

Reikningarnir úr báðum Þingeyjarsýslunum og úr Norðurmúlasýslu voru ókomnir, og fól amtsráðið forseta sínum að yfirfara þá og úrskurða.

Fleiri mál komu eigi til umræðu, og var því fundi slitið.

Akureyri, 21. júní 1887.

Í fjarveru amtm. Havsteens

St. Thorarensen.

settur.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 84
endurgjald kostnaðar við flutning og geymslu vitfirrings. — Með þóknanlegu brjefi 6. júní
dagsettu 24. f. m. hafði þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá bæjarfógetanum í
Reykjavík með 12 fylgiskjólum, þarsem skotið er til úrlausnar landshöfðingjans ágreiningi
milli Reykjavíkur kaupstaðar og Mjóafjarðarhrepps um greiðslu kostnaðarins við gæzlu,
framferslu og flutning á vitskertum manni, Jóhannesi Guðmundssyni, sem er viðurkennd-
ur sveitlægur í Reykjavík.

Út af þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir
bæjarfógetanum í Reykjavík, að með því að skjöl málsins bera með sjer að þjer og amt-
maðurinn yfir norður- og austuramtinu eruð á eitt sáttir um, hvernig beri að endur-
gjalda umgetinn þurfamannakostnað, þá er með því lagður fullnaðarútskurður á þetta
mál samkvæmt þurfamannareglugjörð 8. janúar 1834, 3. gr., 4. málsg. r.

24. dag septbrmán. 1887.